



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Hálsaskógur

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	10
4	Innra mat deilda 2024-2025	13
4.1	Birkilundur.....	13
	Styrkleikar.....	13
	Tækifæri.....	14
4.2	Grenilundur.....	15
	Styrkleikar.....	15
	Tækifæri.....	16
4.3	Víðilundur.....	16
	Styrkleikar.....	16
	Tækifæri.....	17
5	Umbótaáætlun deilda 2024-2025	17
5.1	Birkilundur.....	18
5.2	Grenilundur	22
5.3	Víðilundur.....	24
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	26
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	26
8	Foreldrasamvinna.....	27
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	28
10	Fylgiskjöl	30



1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2024-2025 hófst á rólegu nótunum í Hálsaskógi þar sem innritun var enginn og skipulag þannig í föstum skorðum. Hver átti sinn stað og ráðningar voru engar. Þó höfum við verið með yfirflot í húsi og verið með auka deild í sal skólans. Af þessum sökum hafa þrengsli verið mikil og hver krókur nýttur sem best. Stöðugildi voru rúmlega áætluð vegna aðstæðna en brottfall starfsfólks var því miður verulegt áður en leikskólaárið hófst. Það er bæði íþyngjandi og erfitt fyrir starfsstað að ganga í gegnum síendurteknar breytingar þar sem óvissa er helsti breytipátturinn. Við gengum þó bjartsýn inn í veturinn með þá hugsun fremsta í fararbroddi að vera jákvæð. Starfið okkar er í föstum skorðum en við vitum líka hvert við stefnum. Í október fór leikskólastjóri í veikindaleyfi og aðstoðarleikskólastjóri hefur unnið eftir starfslýsingu leikskólastjóra þetta leikskólaár. Í febrúar kom inn afleysing í stöðu aðstoðarleikskólastjóra og þannig er staðan þegar þetta er skrifað. Vel hefur gengið að reka skólann og þó að nokkuð sé og hafi verið um langtímaveikindi starfsfólks að þá hefur fáliðun verið með minnsta móti.

Skólanámskrá Hálsaskógar var endurnýjuð samkvæmt uppfærðum köflum í Aðalnámskrá leikskóla og er hún í yfirlestri á Skóla- og frístundarsviði. Aðal breytingin er aukin áhersla á leik barna og hvernig við getum sem best stutt við hann í daglegu starfi. Skipulagsbreytingar hafa verið að mótast í vetur og munum við prufukeyra skipulag með opnara dagskipulagi, auknu flæði og aukinni þátttöku barna næsta leikskólaár eins og skín í gegn í umbótaráætlunum þessarar starfsáætlunar.

Nú sér fyrir endann á framkvæmdum í Borg og væntum við þess að fá húsið afhent í desember 2025. Það hefur verið gangur í verki þennan veturinn en nánast ekkert stóð eftir af húsinu á tímabili.





Nú á vormánuðum hefur húsið tekið á sig mynd og er hafin vinna við búnaðarkaup og skipulag rýma. Það eru spennandi en afar krefjandi verkefni fram undan en við stefnum að því að flytja yngstu börnin yfir í Borg og hefja starfsemina þar á nýju ári með von um að vel gangi að ráða inn í þau stöðugildi sem vantar upp í að keyra fullan skóla.

Enn var send ítrekun um starfsmannarými Kotsins sem eru langt undir þeim viðmiðum sem geta talist eðlileg fyrir leikskólastarf í dag. Undirrituð hefur sent frá sér ítrekun á að fá auka hús sem geta rúmað starfsmannarými og fékk loforð um að lausn yrði fundin.

Í mars kom í ljós að loksins á að fara í framkvæmdir á lóðinni í Koti og eiga þær að hefjast í sumar. Undirrituð hefur settið fundi og tekið þátt í umræðum um skipulag svæðisins og er þakklát fyrir það. Börnin í Hálsaskógi lögðu sitt af mörkum og komu með margar góðar hugmyndir um hvað þau vilja fá í garðinn sinn.

Á þessu skólaári hófum við innleiðingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við réttindaskóla UNICEF og fyrsta innleiðingarárið hefur farið í greiningu og fræðslu til starfsfólks. Við erum spennt að halda áfram eftir glóðvolgri aðgerðaráætlun sem unnin hefur verið út frá deildarstöðumati allra deilda og einstaklingskönnunum starfsfólks.

Við höfum tekið þátt í Nordplus verkefni á skólaárinu sem fjallar um námsleiki yngri barna og hafa leikskólastjóri og tveir starfsmenn leikskólans farið í Nordplus ferðir til Litháen og Eistlands að kynna sér leikskólastarf í þeim löndum.

Áframhald hefur verið á Erasmus+ verkefni þar sem við tókum á móti nema/nemum frá Belgíu í 3 vikur á hverju vori. Samstarfið hefur reynst vel.

Við lítum bjartsýn fram á veginn og erum spennt að hefja þá vegferð sem þessi áætlun endurspeglar og viljum með þeim skipulagsbreytingum sem lagðar eru upp með einfalda starfið til góðs fyrir starfsfólk Hálsaskógar og börnin sem hjá okkur stunda nám.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Innra mat fer fram reglulega yfir allt skólaárið í Hálsaskógi. Það er gert á deildarfundum, stjórnendafundum, á skipulagsdögum og með börnunum, bæði einstaklingslega og í smærri hópum. Farið er eftir matsáætlun, starfsáætlun síðasta árs og rafrænni gæðahandbók viðburða á vegum leikskólans. Stóru verkefnin eru í stöðugu endurmati en það eru menntastefnuverkefnið *Vinirnir í skóginum – sterk saman*, grænfánastarfið og innleiðing Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Aukin áhersla hefur verið á mat á innra starfinu með börnunum þennan veturinn þar sem litið er til uppfærðra kafla í Aðalnámskrá leikskóla með aukinni áherslu á leik barna og þá sérstaklega hlutverk starfsfólks í frjálsa leiknum. Ásamt þessum þáttum hefur innra endurmat verið virkt á smærri þáttum í starfinu og höfum við lagt áherslu á dagskipulagið og einföldun þess þennan veturinn.

Hvað var metið?	Menntastefna. Læsi og útinám
Hvernig fór matið fram?	Deildastjórafundum, starfsmannafundum, deildarfundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk og foreldrar í foreldrakönnun
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar: Útinám er virkt, vel skipulagt og reglulegt. Við vinnum með að efla félagsfærni og læsi og nýtum samþættingu náms í auknum mæli í útinámi þar sem grunnþættir menntunar fléttast vel inn í stundirnar. Samkvæmt foreldrakönnun kom fram mikil og almenn ánægja með útinámið. Tækifæri til umbóta: Efla upplýsingagjöf til foreldra varðandi útinámið og útskýra betur hvað við erum að gera. Menntastefnu verkefnið okkar þarf að fara í frekari þróun þar sem við eru e.t.v. stöðnuð að einhverju leyti og mikilvægt að byggja ofan á þá þætti sem ganga vel hjá okkur.





Hvað var metið?	Leikur barna
Hvernig fór matið fram?	Deildarfundum, deildastjórafundum og starfsmannafundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Leikur er aðal námsleið barna og höfum við þennan vetur skoðað hvernig þátttaka starfsfólks í leik er. Styrkleikar: Börnin stýra að miklu leyti frjálsum leik og þeim er gefið rými til þess innan dagskipulagsins. Helstu stundir fyrir frjálsan leik eru í útiveru og á milli skipulagðra stunda. Tækifæri til umbóta: Við sjáum að frjálsa leikinn þarf að efla töluvert og gefa þarf börnunum aukið rými fyrir leik og auka aðgengi þeirra að efnivið inni á deildum. Starfsfólk þarf að þjálf sig betur í þátttöku leiks og við þurfum að ígrunda og þróa starfið í þá átt að gera frjálsa leiknum hærra undir höfði og læra að koma auga á námstækifærin í leiknum.

Hvað var metið?	Innleiðing Barnasáttmála
Hvernig fór matið fram?	Spurningakönnun fyrir deildir, einstaklingskönnun, stýrihópur barnasáttmála, deildarfundir, deildastjórafundir og starfsmannafundir
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk og börn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar: Við höfum áður farið í gegnum verkefnahefti barnasáttmálans og teljum okkur því vel undirbúin til að stíga skrefið og verða réttindaskóli UNICEF. Hugsunin er til staðar en okkur hefur e.t.v. færst of mikið í fang. Við erum að ljúka við fyrsta árið af þeirri





	vegferð að verða réttindaskóli í samstarfi við UNICEF og notið leiðsagnar Sigyn Blöndal. Verkefnastjóri hefur verið skipaður, stýrihópur situr fundi með öðrum leikskólum á sömu vegferð og innleiðing gengur vel. Tækifæri til umbóta: Við verðum að passa að færast ekki of mikið í fang og velja leiðir sem henta starfseminni hverju sinni. Við veljum umbótaþætti sem samræmist innleiðingu Barnasáttmálans til hagsbóta fyrir börnin í leikskólastarfinu.
--	--

Hvað var matið?	Dagskipulag
Hvernig fór matið fram?	Deildarfundir, deildastjórafundir, starfsmannafundir.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Dagskipulagið er komið í naflaskoðun hjá okkur þar sem við þurfum að gera breytingar á því vegna breyttra starfsaðstæðna í leikskólanum. Stytting vinnuvikunnar, aukinn tími til undirbúnings spilar stóran þátt í því ásamt uppfærsla á Aðalnámskrá leikskóla sem leggur áherslu á aukin gæði leiks í daglegu starfi með ungum börnum. Styrkleikar: Við erum eftir árið komin með nokkuð skýra sýn á það hvað við viljum og hvernig við sjáum þetta fyrir okkur. Tækifæri til umbóta: Draga verulega úr stýrðum verkefnastundum, samverustundum og stýrðum verkefnum frá starfsfólki. Auka þarf flæði í daglega starfinu þar sem við stefnum á að dreifa betur álagi á rýmin í leikskólanum. Helstu punktar sem við munum einblína á á komandi leikskólaári eru:





- Þróun matstofu
- Útivera / innivera – við viljum auka flæði þannig að ekki öll börn séu í sama rými á sama tíma. Þannig viljum við auka ánægju bæði barna og starfsfólks.
- Umhverfið og aðgengi barna að leikefni

Ytra mat

Framkvæmd var starfsmannakönnunin Stofnun ársins árið 2024 og fór hún fram á tímabilinu október – desember 2024.

Foreldrakönnun fer fram annað hvert ár og niðurstöður foreldrakönnunnar voru rýndar fyrir 2025.

Hvað var metið?	Stofnun ársins 2024
Hvernig fór matið fram?	Spurningakönnun til starfsfólks
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk Hálsaskógar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Mikil almenn ánægja er meðal starfsfólks sem er afar ánægjulegt, en þó má lesa úr niðurstöðum mikla óánægju með eftirfarandi þætti: - Vinnuskilyrði - Launakjör - Sveigjanleiki vinnu Heildarmat hefur staðið í stað frá fyrri könnun eða hækkað um 0,22 stig. Þeir þættir sem mælast yfir meðallagi í Reykjavík: - Stjórnun - Starfsandi - Ímynd - Sjálfstæði í starfi - Jafnrétti - Ánægja og stolt





	Af þessum niðurstöðum sjáum við glöggst styrkleika okkar og tækifæri til umbóta. Þeir þættir sem snúa að tækifærum til umbóta eru að miklu leyti úr höndum stjórnenda þar sem vinnuskilyrði eru háð því að breytingar verði gerðar á aðbúnaði starfsfólks Hálsaskógar til að sinna vinnu sinni. Starfsfólk hefur sýnt ótrúlega þolinmæði í starfsaðstæðum sem uppfylla ekki ásættanleg skilyrði.
--	---

Hvað var metið?	Foreldrakönnun 2025
Hvernig fór matið fram?	Spurningakönnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar barna í Hálsaskógi, svarhlutfall 84,7%
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Á heildina litið er mikil ánægja með leikskólann. Þrjú hæstu meðalskor leikskólans eru eftirfarandi: - Öryggi barns í leikskólanum - Ánægja með viðmót starfsfólks - Vel tekið við ábendingum - Þrjú lægstu meðalskor eru eftirfarandi: - Mat foreldra á starfsanda í leikskólanum - Aðbúnaður í leikskólanum - Áhrif faliðunar á fjölskyldulífið Margt er hægt að lesa úr þessum niðurstöðum og sjáum við tækifæri til umbóta í þeim þáttum sem koma ekki nógu vel út. Langverst kom út þátturinn á aðbúnaði í leikskólanum og hefur það sjálfsagt með þrengsli sem við höfum þurft að búa við þetta leikskólaár. Margt er komið á tíma í Koti og kennslugögn úrelt og gömul.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem settir eru hér fram í umbótaráætlun eru unnir út frá endurmati og endurspegla þær áherslur sem unnið verður eftir á komandi skólaári.

Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna .

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótapáttur/matspáttur	Starfsskilyrði og vinnuálag
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Stefnt er að því að starfsskilyrði verði bætt. Aukið rými fyrir starfsmenn er aðkallandi þar sem vinnuálag er gífurlegt þegar hvergi er næði til að vinna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ná fram virku samtali við byggingarfulltrúa.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Beiðni hefur ítrekað verið send og ítrekun send í maí 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal við starfsfólk, starfsmannakönnun borgarinnar, starfsmannafundir og stjórnendafundir.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að niðurstöður starfsmannakönnunar komi mun betur út í þessum þætti eftir 2 ár.





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótapáttur/matspáttur	Aukið flæði í dagskipulagi
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Við stefnum á að minnka vinnuálag á starfsfólk og auka gæði starfsins með börnunum með breyttu skipulagi og auknu flæði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Opna matstofu og fækka borðum á deildum. Gera efnivið aðgengilegri fyrir börnin og nýta útiveru / inniveru á víxl þannig að ekki skapist þrengsli og hávaði í starfinu.
Ábyrgð	Stjórnendur og starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 Reglulegt endurmat yfir leikskólaárið með stýrihóp sem heldur utan um breytingarnar.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsmannafundir, stýrihópur, stjórnendafundir og samtöl við börnin.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að aukið flæði náist í dagskipulag án þess að það bitni á faglega starfinu okkar og því sem við viljum ná fram með leikskólastarfinu.





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótapáttur/matspáttur	Auka gæði frjálsa leiksins - umhverfið sem þriðji kennarinn.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Við sjáum mikil tækifæri í starfinu með því að auka gæði frjálsa leiksins. Við stefnum að því að gera umhverfið aðgengilegra fyrir börnin þar sem þau geta skapað sinn eigin lærdóm í gegnum leikinn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Færa borð af deildum með opnun matstofu og auka þannig plássíð fyrir börnin.
Ábyrgð	Stjórnendur / deildastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 Reglulegt endurmat yfir leikskólaárið með stýrihóp sem heldur utan um breytingarnar.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfmannafundur, barnafundur, demantaaðferð með börnunum, stjórnendafundur og starfsmannasamtöl.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að leikurinn haldist lifandi og að börnin stýri sem mest ferðinni. Leiðfni getur staðið óhreift á milli stunda og börnin geta haldið áfram í leik. Viðmið um árangur er líka hvernig starfsfólki tekst að koma auga á lærdómstækifærin og leyfa börnunum að þróa leikinn sjálf með stuðning frá starfsfólki.



4 Innra mat deilda 2024-2025

4.1 Birkilundur

Birkilundur er deild fyrir tvo elstu árganga leikskólans.

Styrkleikar

Haustið var öðruvísi þetta árið því elstu börn (2018) hættu í júní og aðlögun þeirra barna sem væru á Birkilundi veturinn 2024 – 2025 var lokið fyrir sumarfrí. Börnin voru því orðinn örugg á deildinni í haust og tilbúinn til að takast á við það sem fólst í vetrarstarfinu eins og vinnustundum, útinámi, lestrarstundum og fleiru.

Við náðum þeim markmiðum sem við settum okkur með sögugerð og frásögnum. Í vinnustundum var unnið markvisst að því að efla frásagnarhæfni barnanna. Var það meðal annars gert með því að finna áhugasvið barnanna, starfsfólk var líka duglegt að grípa tækifærið til sögugerðar þegar skemmtilegir dagar voru eins og hrekkjavaka, öskudagur, bóndadagur, konudagur og fleiri. Eftir því sem leið á skólaárið fundum við að tilfinning barnanna til að skipuleggja frásögn sína jókst. Þau urðu öruggari í frásögn og sögugerð, í auknum mæli var upphaf, miðja og endir í sögugerð þeirra og frásögnum og tilfinninginn fyrir því að segja frá í réttri tímaröð jókst.

Unnið var með lýðræði barna með það að markmiði að þau myndu átta sig betur á að þau hafa öll rödd og að skoðanir þeirra allra skipta máli. Var það meðal annars gert með því að gera deildasáttmála, umræðum, sögulestri, fara yfir í samverustund hverjir séu mættir og hverjir ekki og af hverju. Í vetur vorum við svo heppinn að við fengum starfsmann sem er sérfræðingur í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og nýttum við okkur hans þekkingu til að vinna með lýðræði barna. Þessi vinna gekk vel en við ætlum að dýpka okkur betur í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, réttindum og lýðræði barna.

Tækifæri

Útinám gekk ekki nógu vel í vetur það fór vel af stað fórum einu sinni í viku með hvorn hóp og vorum vel undirbúinn. Seinni partinn í vetur fjaraði undan þessu og það var ekki alltaf sem hver hópur náði að fara einu sinni í viku. Eins kom það fyrir að þeir starfsmenn sem voru með útinámið voru ekki eins vel undirbúnir fyrir útinámið og æskilegt hefði verið. Við sjáum því tækifæri í vetur að gera betur og hafa útnámið markvissara en það var síðastliðið skólaár.

Frjálsleikur/sjálfsprottinn leikur er mikilvægur og við viljum auka þátttöku starfsfólks í leik barnanna. Ætlum að bjóða upp á meiri tíma fyrri frjálsan leik í dagskipulaginu.

Við unnum mikið með Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sinni hluta skólaárs en viljum dýpka okkur enn meir í honum og auka þekkingu bæði barna og starfsfólks á réttindum barna bæði fyrir þeim sjálfum svo og öðrum.

Síðastliðinn ár höfum við unnið vel með *Lubbi finnur málbein* og hafa allir haft gaman að þeirri vinnu bæði börn og starfsfólk. Í vetur gekk ekki eins vel að vinna með hann og ætlum við því að taka okkur á næsta skólaár og gefa vinnu með Lubba aukið vægi inn á deildinni með það að markmiði efla alhliða málþroska barna og tilfinningu þeirra fyrir íslenskunni.



4.2 Grenilundur

Grenilundur er deild fyrir tvo elstu árgangana.

Styrkleikar

Haustið fór vel af stað hjá okkur í Grenilundi. Dagskipulagið fór vel af stað hjá okkur eins og útinám, Lubbastund, vinnustund, lestrarstund og fleira.

Í vetur náðum við okkar markmiði með endurmati barna og demanta aðferðinni og það er að hver hópur geri tvo demanta. Elstu börnin gerðu 3 demanta og yngri börnin gerðu 2 demanta. Við unnum í kjölfarið markvisst að því að lyfta upp þeim þáttum sem börnin völdu sem áhugaverð og skemmtileg í deildarstarfinu.

Lestarstundir gengu mjög vel hjá okkur þetta skólaár eins og í fyrra en við skiptum börnunum eftir getu þeirra í að hlusta. Með því að getuskipta börnunum gátum við valið bækur að lesa sem hentuðu þeirra getu. Í þema í janúar vorum við með læsisverkefni og þá valdi hver deild eina bók og lásum við hana mjög reglulega. Við unnum verkefni úr bókinni, áhersla var að endursögn barnanna og þau unnu skapandi verkefni tengd bókinni. Það var skemmtilegt að sjá að sagan fór yfir í leik barnanna og þau voru að lesa söguna fyrir hvort annað.

Útinám gekk mjög vel hjá okkur þennan veturinn. Við náðum að fara í útinám 1x í viku með hvorn hóp og vorum vel undirbúinn.



Tækifæri

Þátttaka starfsfólk í leik barnanna skiptir miklu máli í leikskólastarfi og því er markmið okkar að bjóða meira upp á frjálsan leik næsta vetur þar sem starfsmenn eru meiri þátttakendur í leik barnanna.

Við viljum halda áfram að leggja áherslu á málörvun og sögugerð á deildinni. Við sáum hvað börnunum fannst gaman að fá að segja sína sögu og nutu sín að fá að standa upp fyrir framan hin börnin og segja frá hvað þau gerðu um helgina eða í fríinu sínu.

4.3 Víðilundur

Víðilundur er yfirleitt deild fyrir tvo elstu árgangana en sökum framkvæmda hafa verið þar börn í fjórum árgöngum í vetur með auka deild í sal skólans.

Styrkleikar

Í haust vorum miklar breytingar á Víðilundi. Börn og starfsfólk sem voru tímabundið í Vogabyggð komu á Víðilund og við tók tími aðlögunar barna, starfsmanna og starfsins á Víðilundi. Börnin voru á aldrinum 2-5 ára og þurfti að láta starfið hæfa öllum aldri. Loka útfærslan varð að elstu tveir árgangarnir voru í salnum og yngri börnin á Víðilundi fyrir hádegi. Eftir hádegið sameinuðust við í eina heild. Þetta gekk mjög vel. Á næsta skólaári verða börnin mun yngri á Víðilundi en munum við halda áfram með að skipta okkur niður fyrir hádegi og verða svo ein heild eftir hádegið. Er því greinilegt að börnin og starfsfólkið sé með mikla aðlögunarhæfni og tilbúið í breytingar.

Lýðræði hefur stórauðist á deildinni. Börnin fá t.d. að velja sér sæti í hverri viku í kaffitímanum, við höfum verið með kosningar um ýmsa hluti, val um mat á matseðil og ýmislegt fleira. Eru starfsmenn með lýðræðið ofarlega í huga þegar kemur að skipulagi starfsins.

Útinámið hefur gengið mjög vel og munum við að sjálfsögðu halda því áfram. Börnin eru alltaf jafn spennt fyrir útináminu og fá þau líka að taka þátt í vali um hvað eigi að gera.

Tækifæri

Eftir þennan vetur er greinilegt að við þurfum að bæta okkur í Demantaaðferðinni.

Ætlum við því að setja okkur það fyrir að vinna meira með það á næsta skólaári. Við viljum líka bæta okkur í frjálsa leiknum, hafa meira flæði í frjálsa leiknum og að starfsfólk taki enn betur þátt í leiknum með börnunum. Ætlum líka að vinna vel með lausnarleit barna, kenna börnunum að setja mörk í samskiptum. Að skiptast á, að segja fyrirgefðu, að hjálpast að og fleiri lausnir sem kennir þeim það sem er nauðsynlegt fyrir alla að kunna til þess að geta átt í góðum samskiptum við aðra.



5 Umbótaáætlun deilda 2024-2025

Allar deildir unnu hópamiðað mat ásamt því að útlista þá þætti sem deildin vil bæta á komandi leikskólaári. Hópamiðaða matið tókst vel og við stefnum að því að flétta því betur inn í umbótaáætlun deilda í starfsáætlun næsta árs. Í hópamiðuðu mati skoðuðum við eftirfarandi:

- Margbreytileika barnahóps
- Stöðu einstakra barna í hóp
- Áhugasvið, hugmyndir og tilgátur barnahóps
- Þróun leiks í barnahóp
- Þátttaka og samskipti barna í leik
- Aðgengi barna að leikefni
- Sjálfræði barna
- Birtingamyndir námssviða leikskóla í leik

5.1 Birkilundur

Deild/aldur barna	Árgangur 2020 og 2021
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Efla frjálsan leik /sjálfssprottinn leikur.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Einfalda dagskipulag svo það gefist meiri tími fyrir frjálsan leik. Starfsfólk taki virkari þátt og sé meira í leiknum með börnunum í stað þess að vera áhorfendur í leik barnanna. Starfsfólk sé meira í hæð barnanna eins og þegar þau leika sér á gólfinu að starfsfólk sitji þá á gólfinu með þeim.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk finni sér leiðir til að vera meira með í leik barnanna. Setja upp skipulag í byrjun dags þar sem starfsfólki er raðað á svæði á deildinni og það tekur þátt í leik þeirra barna sem þar eru. Starfsfólk lesi nýju aðalnámskrá leikskóla og þá sér í lagi það sem snýr að frjálsa leiknum. Starfsfólk nýti undirbúningstímann sinn til að lesa og kynna sér þann fróðleik sem hægt er að finna inni á netinu um frjálsa leikinn.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum og endurmat deildar í maí 2026. Börnin meti reglulega t.d tvisvar á önn hvaða tækifæri þeim finnst þau hafa til að vera í frjálsum leik inn á deildinni.

Deild/aldur barna	Árgangur 2020 og 2021
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börn öðlist hæfni og vilja til að eiga árangursrík og jákvæð samskipti, auka samkennd og tilfinningaþroska barna bæði fyrir sér og öðrum. Að börn þekki réttindi sín líkamleg og andleg bæði gagnvart sér og öðrum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kynna greinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir börnunum. Vinna verkefni úr verkefnahefti UNICEF Barnasáttmálinn í leikskólanum (Fræðsla og verkefni fyrir starfsfólk leikskóla. Horfa á myndbönd frá UNICEF og ræða það í barnahópnum hvað þau sáu. Gera deildarsáttmála. Læra að setja sig í spor hvors annars t.d í hlutverkaleik. Lesa sögur.
Ábyrgð	Deildarstjóri, starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir. Börnin meti hvaða réttindi þau vilja hafa fyrir sig og önnur börn á deildinni. Skipa Réttindaráð barna sem fundar reglulega með kennara til að meta og finna leiðir til að viðurkennandi réttindi barna skili sér í starfinu inn á deild.





Deild/aldur barna	Árgangur 2020 og 2021
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka málþroska og tilfinningu barna fyrir íslenskunni í sinni víðustu mynd.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa Lubbastundir einu sinni í viku þar sem ákveðið málhljóð er tekið fyrir, vinna með málhljóð vikunnar með skipulögðum hætti og í leik. Setja upp veggspjald sem sýnir öll málhljóðin og búa til blað fyrir hvert málhljóð þar sem sett verða inn nöfn á hlutum sem byrja á málhljóðinu. Íslandskort þar sem sett verða málbeinin hans Lubba, þá geta börnin fylgst með hvert hann er búinn að fara og það skapar umræðu þeirra á milli. Setja í póst til foreldra hvaða málhljóð er verið að vinna með og líka fram í fataklefa.
Ábyrgð	Deildarstjóri, starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir, endurmat deildar í maí 2026. Rýnihóp með elstu börnunum þar sem þau segja hvernig þeim finnst þetta ganga. Meta með öllum börnum í litlum hóp t.d. tvisvar á önn hvað er skemmtilegt og áhugavert þegar unnið er með Lubba og hvað má betur fara og hvaða hugmyndir þau hafa í vinnunni með Lubba.



Deild/aldur barna	Árgangur 2020 og 2021
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hreyfingu, náttúruvernd, sköpun og uppgötvunarnám. Setja upp verkferla í samráði við barnahópinn að hausti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að hvert barn fari einu sinni í viku í útinám ekki vera með fasta útinámstíma heldur grípa tækifærið þegar það gefst. Hafa eldri börn saman í hóp og yngri börn í öðrum hóp að jafnaði en vera líka opinn fyrir því að hægt er að blanda hópunum saman fara þá í minni eða stærri hópum.
Ábyrgð	Deildarstjóri, starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Börn og starfsfólk metur útinámið í sameiningu t.d á fjöggra vikna fresti með því að ræða saman og deila skoðunum á því hvað gengur vel og hvað má betur fara, finna lausnir og leiðir í sameiningu. Á deildarfundum starfsfólks



5.2 Grenilundur

Deild/aldur barna	Árgangur 2020 og 2021
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun/sögugerð/frásögn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vinna með börnunum að sögugerð/frásögn og málörvun í smærri hópum. Hvert og eitt barn geri a.m.k. 2 sögur á hvorri önn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinum sögugerð í smærri hópum eins og í vinnustund, í samverustundir eru nýttar á mánudögum og börnunum boðið að standa upp fyrir framan hópinn og segja frá hvað þau gerðu um helgina eða í fríinu sínu.
Ábyrgð	Hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025-maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráning, að hópstórar skrá niður sögur barnanna og setji í ferilmöppu þeirra.



Deild/aldur barna	Árgangur 2020 og 2021
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Frjáls leikur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk taki virkari þátt í leik barna og læri að meta aðstæður hverju sinni. Starfsfólk fer í auknum mæli niður á gólf í vinnu með börnunum í stað þess að vera óvirkur áhorfandi
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hvetja starfsfólk deildarinnar til að lesa vel nýju aðalnámskrá leikskóla og þá aðallega um frjálsa leikinn. Umræður á deildarfundum um hvernig gengur.
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deildinni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025-maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir og endurmat deildar í maí 2026



5.3 Víðilundur

Deild/aldur barna	Víðilundur Árgangar 2019, 2020, 2021 og 2022
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Frjálsi leikurinn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla frjálsa leikinn og fá meira flæði í hann. Að allt skipulag verði einfaldara til að frjálsi leikurinn fá lengri samfelldan tíma. Einnig að fá starfsfólkið til að taka enn meiri þátt í leik barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Einfalda allt skipulag svo meiri tími sé fyrir frjálsa leikinn. Starfsfólki verði raðað á öll svæði og taki þátt í leik barnanna. Mjög nauðsynlegt að vera í hæð barnanna.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum með umræðum og með umræður með börnunum hvernig þeim finnst þetta breytta skipulag vera.





Deild/aldur barna	Víðilundur Árgangar 2019, 2020, 2021 og 2022
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lausnarleit barna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að kenna börnunum enn betur að setja mörk í samskiptum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nýta lausnahringinn og hafa hann sjónrænan, prenta út og hafa upp á vegg. Kynna hann fyrir börnunum og geta alltaf leitað í hann þegar upp koma vandkvæði. Og að hann verði alltaf í hæð barnanna svo þau geti skoðað hann sjálf og það skapar þá umræðu um hann.
Ábyrgð	Deildarstjóri, starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum og talað um í samveru með börnunum og skráð niður.

Deild/aldur barna	Víðilundur Árgangar 2019, 2020, 2021 og 2022
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Demantaaðferðin
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að nýta demantaaðferðina betur í starfi með börnunum svo það sé hægt að breyta og aðlaga viðfangsefnin að áhuga barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipta viðfangsefnum á milli hópa og meta oft. T.d. 2-3x á önn á hvern hóp
Ábyrgð	Deildarstjóri, starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hefur þetta verið gert og skilar það árangri? Hægt að endurmeta með demanti.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl áttu sér stað í febrúar og mars við alla starfsmenn. Áherslur samtalsins að þessu sinni voru opnar en markmiðið var að ná fram umræðum um almenna líðan, ábyrgð, samvinnu og verkefni sem hafa gengið vel.

Skipulagsdaga síðasta skólaárs nýttum við í samtöl, fundi og greiningarvinnu á þeim verkefnum sem við erum í. Sem dæmi má nefna Nordplus ferðir og leikir voru kynntir öllu starfsfólki, virkt samtal átti sér stað um innleiðingu Barnasáttmáls og kosið var um nýtt grænánabema. Utanaðkomandi fræðsla var fenginn á alla skipulagsdaga sem fléttast inn í starfið okkar. Við fengum fræðslu og pepp fyrirlestur sem heitir Sterk saman strax um hausið, fræðslu um skapandi umhverfi í sjálfssprottunum leik, fyrirlestur um kynheilbrigði barna á leikskólaaldri, hugmyndir að skapandi málörvun, fyrirlestur um viðbrögð við rasisma og sóttum vinnustofu í streitustjórnun og Jóga Nidra slökun.

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2025-2026:

Við viljum efla færni starfsfólks í að styðja börn í leik og nýta m.a. einingakubbana og munum bóka fræðslu varðandi námstækifærin sem felast í notkun þeirra í leikskólastarfinu. Við munum fá upprifjunar fyrirlestur frá Hinsegin samtökunum í tengslum við uppfærða aðgerðaráætlun þar sem við hlutum regnbogavottun fyrir 3 árum. Stefnt er að því að koma öllu starfsfólki á leikskólaráðstefnuna sem haldinn verður 6.febrúar og í lok næsta skólaárs er stefnan tekinn á að skila skýrslu vegna Grænánans sem við gerum alla jafna á tveggja ára fresti. Stefnt er að því að virkja stýrihópa betur og bjóða upp á heimsóknir í aðra leikskóla og námskeið sem hæfa viðkomandi stýrihóp til að styrkja faglega forystu út í starfsmannahópinn.

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf milli skólastiga í Seljahverfi hefur verið í nokkuð föstum skorðum síðastliðin ár en stjórnendur hittast hvert haust og skipuleggja skólaárið fram í tímann.

- September: Samráðsfundur skólastjóra að hausti.



- September: Deildastjórar elstu barna og umsjónakennarar 1.bekkar grunnskóla hittast og ræða komandi skólaár. Farið er yfir skólaheimsóknir og þær endurmetnar.
- Október: Fyrirverandi leikskólanemendur koma í heimsókn úr báðum grunnskólum.
- Nóvember: Heimsóknir elstu barna í grunnskólana hefjast.
- Nóvember: Nemendur úr 7.bekk í Ölduselsskóla koma og lesa fyrir leikskólabörn á Degi íslenskrar tungu.
- Febrúar: Önnur heimsókn leikskólabarna í grunnskólana.
- Mars: Skólastjórnendur hittast og ákveða sameiginlegu skipulagsdaga fyrir skólaárið 2025-2026.
- Maí: Elstu börnin fara í þriðju heimsókn í grunnskólana með foreldrum sínum. Skilafundir á milli leik-og grunnskóla/frístundar fara fram.
- Við höfum verið í samstarfi við bókasafn Seljaskóla og fengið að koma með hópá þangað. Mikil ánægja er með heimsóknirnar.
- Við höfum verið í samstarfi við Ölduselsskóla með valáfanga hjá unglingastigi þar sem nemendum býðst valgreinin: *Aðstoð í leikskóla* sem fer fram tvo tíma í senn yfir 8 vikna tímabil. Samstarfið hefur ekki gengið nógu vel þetta skólaár og munum við endurskoða hvort við bjóðum upp á þetta næsta haust.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna hefur verið góð undanfarið skólaár og metum við mikils framlag foreldra til leikskólastarfsins.

Foreldraráð hefur komið með gagnlegar ábendingar og hefur m.a. sent bréf vegna ástandsins á garðinum okkar í Koti. Garðurinn fer í framkvæmdir nú í sumar og þökkum við foreldraráði fyrir að taka þátt í að benda á það sem betur má fara með okkur. Í þeim framkvæmdargír sem leikskólinn er í núna er mikils virði að hafa starfandi gott foreldraráð.

Foreldrafélagið er sömuleiðis virkt og á liðnu ári hefur foreldrafélag Hálsaskógar innheimt foreldrafélagsgjöld og staðið fyrir pöntun á jólasveini og jólagjöf til barnanna, boðið upp á jólaleikrit, staðið fyrir sveitaferð, borgað fyrir vorsýningu ásamt því að greiða hluta kostnaðar við útskriftarferð elstu barnanna.





Foreldrafundir eru haldnir reglulega yfir allt skólaárið. Að hausti býður hver deild til foreldrafundar þar sem farið er yfir áherslur komandi skólaárs. Stjórnendur taka þátt í öllum foreldrafundunum. Að sumri bjóðum við upp á kynningarfund fyrir nýja foreldra þar sem leikskólinn er kynntur, aðlögun og almennt um gildin okkar og starfið.

Boðið er upp á foreldraviðtöl tvisvar sinnum á ári, í nóvember og í apríl-maí. Foreldrar eru þó alltaf hvattir til að hafa samband og óska eftir fundi ef þeir telja ástæðu til. Foreldrum barna sem eru að byrja í Hálsaskógi er alltaf boðin í fyrsta viðtal áður en vistun barnsins hefst.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar 2025-2026	
Mánudagur 25.ágúst	Heill skipulagsdagur
Mánudagur 29.september	Sameiginlegur skipulagsdagur í Seljahverfi
Föstudagur 21.nóvember	Sameiginlegur skipulagsdagur í Seljahverfi
Föstudagur 6.febrúar	Heill skipulagsdagur
Mánudagur 16.mars	Sameiginlegur skipulagsdagur í Seljahverfi
Miðvikudagur 13.maí	Heill skipulagsdagur

Skráningardagar eru eftirfarandi:

Vetrarfrí að hausti: 24., 27. og 28.október 2025

Jólafrí: 29.-30.desember 2025

Vetrarfrí: 19.-20.febrúar 2026

Dymbilvika: 30.mars-1.apríl 2026



Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Hálsaskógur

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M Skráningardagur	1 F Verkalýsdagurinn	1 M	1 M Hálsaskógur 15 ára
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 F Skírdagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Föstudagurinn langi	3 S	3 M	3 F
4 M Fridagur verslunarma	4 F	4 L	4 Þ	4 F Jólaverkstæði	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S Páskadagur	5 Þ	5 F	5 S
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ Þrettándinn	6 F Skipulagsdagur	6 F	6 M Annar í Páskum	6 M	6 L	6 M
7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M Vasaljósdagur	7 L Dagur tónlistarskóla	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjömannadagurinn	7 Þ
8 F	8 M Dagur læsis	8 M	8 L Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M Foreldravika	9 F	9 L	9 Þ	9 F
# S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ Þorakaffi	10 Þ	10 F	10 S	# M Skólaslit grunnskóla	10 F
# M	# F	# L	# Þ	# F	# S	# M Dagur íslenska Matnámsins	# M	# L	# M	# F	11 L
12 Þ Opnun leikskóla	12 F	12 S	12 M	12 F Jólabað	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	# F Sumarhátíð	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M Skipulagsdagur	13 L	13 M
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L Dagur stærðfræðinn	14 Þ	14 F Uppstigningardagur	14 S	14 Þ
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 L	16 Þ Grænn dagur	16 F Fjölskyldukaffi	16 S Dagur íslenskrar tungu	16 Þ	16 F	16 M Bolludagur	16 M Skipulagsdagur	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ Sprengidagur	17 Þ	17 F	17 S	17 M Ljónveldisdagurinn	17 F
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M Öskudagur	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F Rauður dagur	19 M	19 F Skráningardagur	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F Dagur mannréttinda	20 L	20 Þ	20 F Skráningardagur	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 F	21 S	21 Þ	21 F Skipulagsdagur	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ
22 F Skóasetning grunnskóla	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S Konudagur - upphaf	22 S	22 M	22 F Umhverfisdagur	22 M	22 M
23 L	23 Þ	23 F Bangsadagur	23 S	23 Þ Þorláksmessa	23 F Bóndadagur - upphaf Þorra	23 M	23 M Foreldrasamtöl hefjast	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ	23 F
24 S	24 M Foreldrafundur BL	24 F Skráningardagur	24 M	24 M Aðfangadagur jóla	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S Hvítasunnudagur	24 M	24 F
25 M Skipulagsdagur	25 F Foreldrafundur GL	25 L Fyrsti vetrardagur	25 Þ	25 F Jóladagur	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Annar í Hvítasunnu	25 F	25 L
26 Þ Aðlögun hefst	26 F Foreldrafundur VL	26 S	26 M	26 F Annar í jólum	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M Skráningardagur	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 F	28 S	28 Þ Skráningardagur	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 M Skipulagsdagur	29 M	29 L	29 M Skráningardagur	29 F		29 S Pálmasunnudagur	29 M	29 F	29 M	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ Skráningardagur	30 F		30 M Skráningardagur	30 F Skógardagurinn	30 L	30 Þ	30 F
31 S		31 F Hrekkjavaka		31 M Gamlársdagur	31 L		31 Þ Skráningardagur		31 S		31 F

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

10 Fylgiskjöl

F. h. leikskólans **Hálsaskógar**

Bryndís Björk Eypórsdóttir
Leikskólastjóri/staðgengill

01.07.2025
Dagsetning



Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Leikskólinn Hálsaskógur

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Elísabet Bára Magnúsdóttir
Guðbjörg Ásta Jónadóttir
Lena Sólborg Valgarðsdóttir

Írena Guðlaugsdóttir
Lára Hilmarsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Foreldraráð leikskólans vill í fyrsta lagi koma á framfæri þakklæti og ánægju með þá frábæru vinnu sem starfsfólk leikskólans leggur fram í þágu barnanna. Við sjáum greinilega að þeim er annnt um vellíðan og þroska barna okkar. Þar að auki hafa stjórnendur og starfsfólk sýnt einstaka aðlögunarhæfni og lausnamiðaða hugarfar í krefjandi aðstæðum sem eru til komnar vegna breytinga, ekki síst breytinga á húsakosti leikskólans og eiga hrós og þakkir skilið.

Umbætur á leikskólalóð

Foreldraráðið fagnar þeim endurbótum sem fyrirhugaðar eru á leikskólalóðinni. Ráðið telur að þær muni bæta og efla leik og útiveru barna og veita þeim aukin tækifæri til að njóta náttúrunnar og læra í örvandi umhverfi. Auk þessara jákvæðu þátta metur foreldraráðið það nauðsynlegt að ráðast í úrbætur á lóðinni vegna öryggi barna en slys hafa átt sér stað á skólaárinu sem rekja má til slæms aðbúnaðar á leikskólalóðinni. Foreldraráðið telur því að þessar endurbætur muni hafa jákvæð áhrif á bæði börnin og starfsumhverfi leikskólans. Einkar mikilvægt er að áætlanir um að ráðist verður í þessa framkvæmd og henni lokið fyrir upphaf skólaárs 2025-2026, sem er í ágúst 2025 standist. Er það bæði svo að börnin geti leikið sér úti á lóðinni strax við upphaf skólaárs og fengið að njóta góðs af þeim þroska og vellíðan sem reglulegur útileikur gefur þeim, en ekki síður til þess að fyrirbyggja enn bágari húsakost starfsfólk leikskólans. Eins og fram kemur í niðurstöðum úr spurningarkönnun lagða fyrir starfsfólk eru vinnuskilyrði einn helsti þáttur sem veldur óánægju meðal starfsfólks og því ekki líðandi að vinnuskilyrði versni enn frekar.

Húsakostur, aðstaða og vinnuskilyrði

Í starfsáætlun leikskólans fyrir 2025-2026 kemur skýrt fram að vinnuskilyrði og aðstaða starfsfólks sé virkilega bág borin og ábótavant. Þessi staða hefur áhrif á daglegt starf í leikskólanum, bæði á starfsfólk og börn. Starfandi leikskólastjóri hefur komið skýrum og ítrekuðum ábendingum varðandi þessa óæskilegu stöðu áleiðis og tekur foreldraráð sterklega undir með óskum leikskólastjóra í þessum málum. Staðan er upp komin vegna endurbóta á öðru hús leikskólans, Borg, þar sem yngri börn dvelja jafnan þegar bæði húsin, Kot og Borg, eru í notkun. Vegna lokunar Borgar hefur þrengt verulega að í Koti og hefur leikskólinn lagt sig allan fram við að halda úti venjulegri starfsemi fyrir eins mörg börn og





öryggiskröfur leyfa. Á allt starfsfólk mikið hrós skilið fyrir aðlögunarhæfni sína en engu að síður er þetta ólíðandi staða til lengri tíma og til þess fallinn að auka áhættu á brottfalli starfsfólks sem ekki má við í ljósi fjölþætts vanda leikskólanna í Reykjavík.

Foreldraráðið, fyrir hönd allra foreldra og barna, bæði þeirra sem þegar hafa verið innrituð á leikskólann en ekki síður þeirra sem óska eftir að hefja nám við leikskólann, óskar eftir því að brugðist verði við óviðunandi vinnuaðstöðu tafarlaust. Bæði er hægt að skoða tímabundnar lausnir til þess að bæta aðstöðu og vinnuskilyrði starfsfólks á meðan framkvæmdir við Borg standa yfir. En ekki síður er mikilvægt að Reykjavíkurborg standi vel að framkvæmdum og tryggi að þær klárast á tilskyldum tíma svo hægt sé að hefja starfsemi í húsinu, bæta vinnuaðstöðu starfsfólks í Koti og innrita ný börn í leikskólann.

Skýr og greinagóð starfsáætlun

Starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2024-2025 samræmdist starfi leikskólans að mati foreldraráðs. Áætlunin gefur okkur góða innsýn í þau markmið og áherslur sem settar voru og hvernig þær hafa verið útfærðar í daglegu starfi. Starfsáætlunin er bæði aðgengileg og auðlesanleg fyrir foreldra, og veitir þannig góðan skilning á starfi leikskólans fyrir okkur foreldra. Við teljum að það sé mikilvægt fyrir foreldra að kynna sér áherslur og markmið leikskólans og starfsáætlunin veitir okkur þessa yfirsýn. Hún útskýrir hvernig starfsfólk vinnur að því að ná þeim markmiðum sem sett eru og hvernig börnin njóta góðs af, bæði í leik og námi. Foreldraráð gerir engar athugasemdir við starfsáætlunina fyrir komandi skólaár 2025-2026. Hún er skýr, ítarleg og vel útfærð rétt eins og fyrri ár.

Ráðið fagnar einnig ríkri áherslu og metnaði starfsfólks til þess að rýna reglulega tækifæri og áskoranir sem þau standa frammi fyrir í starfinu og leggja fram og ráðast í umbætur.

Leikskólinn hefur með metnaði og ástríðu mótað sér ákveðin sérkenni, m.a. hefð fyrir miklu útinámi og áherslu á málþroska og frásögn sem skilar sér í bæði þekkingu og farsælli reynslu á þessu sviði og það sem mestu skiptir, í ánægju, þroska og færni barnanna. Ekki síður er það ánægjulegt að starfsfólk leikskólans fjárfesti í símenntun og sækir í tækifæri sem bjóðast á borð við Nordplus og Erasmus+ verkefni til þess að auka viðsýni, læra af öðrum, og efla enn frekar sína færni og auka þekkingu sem eykur á faglegt starf leikskólans og skilar sér til barnanna.





Samstarf barna, starfsfólks og foreldra

Foreldraráðið er mjög ánægt með samstarfið við leikskólann og þökkum starfsfólkinu fyrir ómetanlegt starf við að skapa öruggt, örvandi og uppbyggilegt umhverfi fyrir börn okkar.

Samskipti starfsfólks við foreldra eru almennt góð og sem dæmi um það er upplýsingagjöf í formi vikulegra tölvupósta frá deildarstjórum til foreldra barna á hverri deild fyrir sig til fyrirmyndar.

Sömuleiðis hafa stjórnendur leikskólans lagt sig fram um að leita álits foreldra við skipulag sérstakra daga á borð við opna daga í leikskólanum þar sem foreldrum býðst að heimsækja og upplifa daglegt starf, sérstaka foreldraviku, og fleira. Slíkt samráð leiðir af sér bæði ánægju foreldra, og aukin tækifæri til þess að sækja slíka viðburði.

Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs við starfsfólk leikskólans og börnin og fylgjumst grannt með þróun í leikskólastarfinu og uppbyggingu húsnæðis leikskólans.

Með kærri kveðju,

Foreldraráð Hálsaskógar

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Elísabet Bára Magnúsdóttir

Guðbjörg Ásta Jónsdóttir

Írena Guðlaugsdóttir

Lára Hilmarsdóttir

Lena Sólborg Valgarðsdóttir





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



